



Íslandskort á vef LMÍ

Kort og stafræn kortagögn hafa verið gerð aðgengileg á nýjum vef Landmælinga Íslands www.lmi.is. Kortin eru á sérstökum vefhluta sem nefnist kortaskjár. Á kortaskjánum eru Atlaskort, ferðakort og tvennskonar vektorkort af Íslandi. Hér er um athyglisverða nýjung að ræða fyrir ferðamenn og alla áhugamenn um landið.

Kortaskjárinn býður upp á fjölbreytta möguleika til að skoða kortin og kalla fram ýmsar upplýsingar, s.s. hæðarlínur, vatnafar, samgöngur og fleira. Hægt er að stækka og minnka myndir á skjánum og mæla vegalengdir. Kortaskjárinn er unninn í samstarfi við fyrirtækið Stefju og notaður Arc/Imshugbúnaður frá ESRI. Tenging kortaskjásins við aðrar vefsíður er heimil án endurgjalds en birting efnis af honum, m.a. á öðrum vefsíðum, er háð skriflegu leyfi LMÍ.



Garðar Garðarsson, vefráðgjafi, og Halldís S. Magnússon og Hródný Njarðardóttir, sérfræðingar hjá Stefju hf.

Atlaskortin sígild

Að sögn Þorvaldar Bragasonar forstöðumanns upplýsingasviðs LMÍ er kortaskjárinn einn af þeim gluggum sem verið er að ljúka upp til að auðvelda ferðamönnum og öðrum aðgang að kortum og nýjum stafrænum kortagögnum.

„Með hraðari nettengingum verður stöðugt auðveldara að koma umfangsmeiri og flóknari upplýsingum á framfæri með auðveldum hætti og kortaskjárinn er ein leiðin til þess.“ segir Þorvaldur.

Viðamesta efnið á kortaskjánum eru Atlaskortin sem eru 87 að tölu en þau hafa lengi verið á markaði og eru í mælikvarðanum 1:100 000.

„Atlaskortin hafa jafnan verið talin með falletustu kortum en þau voru upphaflega unnin af dönskum kortagerðarmönnum. Í hugum margra eru Atlaskortin órjúfanlega tengd ímynd landsins eftir áratuga notkun þeirra við ferðalög á Íslandi. Á vefnum eru þau sýnd í mikilli upplausn þannig að skoða má vel öll tákni og örnefni,“ segir Þorvaldur Bragason.

Vektorkort af Íslandi

Á kortaskjánum er einnig heildarkort af landinu í fjórum lögum. Gögnin eru frá vektorgagnasafninu IS 500V sem LMÍ hafa selt um árabíl og endurskoðað reglulega. Ekki er þó hægt að taka sjálf gögnin af netinu heldur fyrst og fremst að skoða þau. Hnappurinn „valkostir“ býður upp á val um hæðarlínur, vegi, vatnafar og stjórnsýslumörk og jafnframt er hægt að leita að sveitarfélögum og sjá flatarmál þeirra.

Að sögn Eydisar Línal Finnbogadóttur forstöðumanns kortasviðs LMÍ



Þorvaldur Bragason, Kristinn G. Ólafsson, Eydis L. Finnbogadóttir og Gunnar H. Kristinsson hafa unnið að uppbyggingu nýrrar vefsíðu LMÍ.

er stærsta verkefni stofnunarinnar nú um stundir gerð stafræns kortagrunns í mælikvarða 1:50 000. „Á kortaskjánum er hægt að fylgjast með því hvernig verkefnið þróast og hvaða svæði eru tilbúin í fjórum af þeim sjö flokkum sem verkefnið skiptist í. Jafnframt fylgir sýnishorn af gögnunum,“ segir Eydis. Stefnt er að því að ljúka við gerð kortagrunnsins á næsta ári.

Magnús Guðmundsson forstjóri Landmælinga Íslands segir netaðgang að kortum með þessum hætti byltingu fyrir notendur korta, jafnt fyrir ferðamenn sem aðra áhugamenn um landið. „Það er von stofnunarinnar að þessari nýjung verði vel tekið af landsmönnum og að þeir nýti sér hinn nýja kortaskjá á vefsíðu Landmælinga Íslands,“ segir Magnús Guðmundsson.

Vefsalan fjórfaldast

Sala á vef Landmælinga Íslands fjórfaldaðist á síðasta ári. Hún tók mikinn kipp í september við útgáfu flugdiskisins en hann var eingöngu til sölu á vefnum fyrstu dagana eftir að hann kom á markaðinn. Verslunin á vefnum hefur verið að aukast ár frá ári síðan

hún hófst árið 1997. Erlendir ferðamenn nýta sér þessa þjónustu í auknum mæli og panta sér kort áður en þeir koma til landsins. Sala til erlendra aðila var ríflega 50% meiri í fyrra en á árinu 2000 og hún dreifðist nokkuð jafnt yfir allt árið.

Norrænn forstjórafundur

Í janúar s.l. var haldinn hér á landi fundur forstjóra norrænna kortastofnana. Slíkir fundir eru haldnir tvisvar á ári, til skiptis á Norðurlöndunum, til að ræða sameiginleg hagsmunamál stofnananna og samstarf þeirra. Fundurinn tókst mjög vel í alla staði, en hann sóttu auk Magnúsar Guðmundssonar, forstjóra LMÍ, Jarmo Ratia frá Finnlandi, Joakim Ollén, Svíþjóð og Knut Fläten frá Noregi. Peter Jacobsen forstjóri KMS í Danmörku komst ekki á fundinn vegna annarra verkefna.

Reksturinn gekk vel

Rekstur Landmælinga Íslands gekk vel á árinu 2001 og var eigið fé í árslok 2001 jákvætt um 10,3 milljónir. Sértekjur á síðasta ári voru 47,6 milljónir og tekjur vegna birtingaleyfa 4,4 milljónir eða samtals 52 milljónir sem er nokkru hærra en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Landmælinga- sýningu seinkar

Í sumar hafði verið fyrirhugað að opna nýja sýningu LMÍ í safnaskálanum að Görðum en ekki er unnt að halda upphaflegri áætlun þar sem engar fjárveitingar fengust til verkefnisins á fjárlögum. Stofnunin hefur þrátt fyrir það látið mála sýningar-rýmið, setja upp lýsingu og milli-veggi, en lengra verður ekki komist á þessu ári. Vonast er til að fjármagn fái til þessa verkefnis á næstu fjárlögum og ef það gengur eftir verður reynt að opna sýninguna á árinu 2003. Forsýningin sem sett var upp síðastliðið sumar mun standa áfram.

Starfsmannastefna Landmælinga Íslands

Landmælingar Íslands kynntu í lok nóvember á síðasta ári nýja starfsmannastefnu í samræmi við stefnumótun LMÍ til ársins 2006. Jensína Valdimarsdóttir, gjaldkeri og umsjónarmaður starfsmannamála hjá LMÍ hafði umsjón með framsetningu starfsmannastefnunnar og segir hún markmiðið að stofnunin verði eftirsóknarverður vinnustaður þar sem mannauður er metinn og starfsþróun á sér stað.

„Meginreglan er auðvitað sú að starfsfólki stofnunarinnar sé ávallt tryggt gott starfsumhverfi í víðasta skilningi þess orðs og að Landmælingar Íslands verði góður vinnustaður þar sem fólkið á möguleika á að vaxa og dafna í starfi,“ segir Jensína.

Í starfsmannastefnunni er kveðið á um að jafnræðis skuli gæta í hvívetna, stuðlað skuli að frumkvæði og ábyrgð starfsfólks og góðum samskiptum þar sem lykilorðin eru jákvæðni, virðing og hrós.

„Við viljum skapa samkennd og jafnframt er lögð áhersla á að starfsfólk sýni hvert öðru og stofnuninni trúnað. Með góðum félagsanda og með því að gæta þess að starfsmenn nái að samræma fjölskyldulíf og vinnu verða Land-



Jensína Valdimarsdóttir umsjónarmaður starfsmannamála.

mælingar Íslands áfram eftirsóknarverður vinnustaður,“ segir Jensína.

Viðhorfskönnun var gerð á meðal starfsmanna þar sem spurt var um álit þeirra á ýmsum þáttum í starfinu. „Niðurstöðurnar voru mjög jákvæðar sem sýnir að starfsmannamálin eru í góðum farvegi. Starfsmannastefnan mun vísa okkur veginn til að skapa enn betri vinnustað og gera starfið ánægjulegt og gefandi,“ segir Jensína Valdimarsdóttir.

Endurnýting á kortum

Samstarf LMÍ og Fjöliðjunnar

Frá því á árinu 1999 hafa starfsmenn Fjöliðjunnar á Akranesi séð um að líma kort inn í kápur fyrir Landmælingar Íslands og fyrir skemmstu hófu þeir að brjóta saman umslög fyrir stofnunina. Um er að ræða nokkra af helstu sölutitlum stofnunarinnar; ferðakort, aðalkort og sérkort. Umslögín eru gerð úr kortum sem hafa verið tekin úr sölu þegar



Á ári hverju fara yfir 20.000 kort um hendur starfsmanna Fjöliðjunnar á Akranesi. Hér eru Símonía Ellen Þórarinsdóttir og Erna Elíasdóttir að störfum.

nýjar útgáfur korta koma á markaðinn.

„Okkur vantar alltaf verkefni og við tókum því að sjálfsgöðu vel þegar LMÍ óskuðu eftir starfskröftum okkar við innlimingar á kortum,“ segir Þorvarður Magnússon, forstöðumaður Fjöliðjunnar á Akranesi. „Samskiptin okkar á milli eru afar góð og starfsfólkið ánægt að geta unnið þessi verk fyrir Landmælingar Íslands. Aðalsölutími korta er yfir sumartímamann en við gætum þess að vinna jafnt og þétt yfir allt árið svo að nóg sé til þegar fer að vora. Við erum afar hreykin að eiga þessi handtök í kortunum sem eru í hillum á sölustöðum úti um allt land. Nýverið tókum við að okkur umslagagerð úr úreltum kortum sem er ánægjuleg viðbót fyrir okkur. Mér finnst þessi endurnýting á kortunum virkilega gott framtak og mættu fleiri stofnanir og fyrirtæki taka Landmælingar Íslands sér til fyrirmyndar,“ segir Þorvarður Magnússon.

Stefnum öll að sama markmiði

- segir Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir, framkvæmdastjóri LÍSU

Samtök um landupplýsingar á Íslandi fyrir alla, skammstafað LÍSA, voru stofnuð árið 1994 og hafa síðan verið vettvangur fyrir samstarf og samræmingu á sviði landfræðilegra gagnasafna og upplýsingakerfa hér á landi. Í LÍSU eru nú 52 aðilar en markmið samtakanna er að efla slíkt samstarf og stuðla að aukinni notkun og útbreiðslu landupplýsinga í almannaþágu. Framkvæmdastjóri samtakanna frá upphafi er Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir.

Farsælt samstarf

„Við erum að ljúka áttunda starfsárinu og samtökin hafa verið að eflast jafnt og þétt,“ segir Þorbjörg. „Ríkisstofnanir voru í meirihluta framan af en mörg sveitarfélög og fyrirtæki hafa gengið til liðs við okkur hin síðari ár. Nú eru í samtökunum margir af helstu hagsmunaaðilunum sem eru leiðandi í framleiðslu, notkun og miðlun landupplýsinga og gegna þau mikilvægu hlutverki við að koma þessum málum á framfæri við stjórnvöld. Fulltrúarnir gefa góða mynd af hinu íslenska umhverfi á sviði landupplýsinga.“

Þorbjörg segir það hlutverk samtakanna að greina með notendum landupplýsinga margskonar vandamál og starfa vinnunefndir að hinum ýmsu verkefnum. „Nokkur verkefni hafa verið ofarlega á baugi undanfarið og hafa samtökin m.a. ýtt úr vör vinnu við samræmdan flokkunarlista og skráningu upplýsinga um gagnasöfn í lýsigagnvefinn Landlýsingu. Með samstarfinu við Landmælingar Íslands hafa þessi verkefni komist í mjög góðan farveg enda hefur stofnunin alla burði til að fylgja þeim eftir. Hún er sterkur faglegur bakharli í þessari vinnu.“

Íslenskur grundvöllur

Að sögn Þorbjargar er fræðsla og kynning á möguleikum landupplýsingatækni stór þáttur í starfsemi samtakanna. „Við sinnum þessum þætti með ráðstefnum, fræðslufundum og námskeiðum. Í Evrópu eru samtök sem þessi talin ein besta leiðin til að miðla slíkum upplýsingum og tókum við ríkan þátt í erlendu samstarfi og þá einkum á

Norðurlöndum. Þótt margt megi læra af erlendu samstarfi þá verðum við sjálf að leysa þessi samræmingarverkefni hér heima og byggja upp íslenskan grundvöll fyrir miðlun landupplýsinga.“

Þorbjörg segir að innan fárra ára vænti menn þess að fjöldi þeirra sem noti stafrænar landupplýsingar hafi aukist verulega.

„Í nánustu framtíð sjáum við fyrir okkur að þær landupplýsingar sem hafa þjóðhagslegt gildi verði aðgengilegar öllum. Samtökin munu á næstunni leggja áherslu á sveitarfélög og uppbyggingu landupplýsinga-



Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir, framkvæmdastjóri LÍSU-samtakanna.

ingakerfa hjá þeim. Samræmd landfræðileg upplýsingakerfi eru og verða mjög mikilvægur þáttur í hagræðingu innan stjórnsýslunnar,“ segir Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir.

Fjölsóttir fundir á vegum LÍSU og LMÍ

Landshnitakerfið ÍSN93

Í nóvember síðastliðnum sóttu yfir 100 manns fræðslufund LÍSU og LMÍ um nýja landshnitakerfið ÍSN93 og tengingu staðbundinna kerfa við það. Landshnitakerfið var kynnt í mars árið 2000 og markmiðið með þessum fræðslufundi var að fylgja eftir umræðum frá kynningarfundinum. Fyrirlesarar á fundinum voru Þórarinn Sigurðsson og Markus Rennen frá LMÍ, Páll Bjarnason, Verkfræðistofu Suðurlands og Jón Þór Björnsson, Verkfræðistofunni Hnit hf.

Flokkunarlistinn

Almenn ánægja var með fund um flokkunarlistann sem haldinn var í októberlok í fyrra. Viðtækt samstarf á sér stað um gerð listans sem hlotið hefur nafnið LU-FLOKKUN en hann er unninn eftir fyrirmynd frá alþjóðlegu staðlastofnuninni ISO. Hátt í 90 manns sóttu fundinn þar sem farið var yfir stöðu verkefnisins og samstarfsaðil-

arnir kynntu þá yfirflokka sem þeir hafa umsjón með. Guðbjörg Sigurðardóttir frá forsætisráðuneytinu flutti erindi um upplýsingasamfélagið og Jófríður Guðmundsdóttir frá LMÍ, sem situr í ritstjórn verkefnisins, kynnti samræmdan flokkunarlista og vinnuferli við gerð hans.

Fjarkönnun

Hádegisráðstefna um notkun gervitunglamynda við rannsóknir, kortlagningu og eftirlit var haldin í október á síðasta ári. Fjölmörg erindi voru flutt, m.a. af Kolbeini Árnasyni, fjarkönnunarsérfræðingi hjá LMÍ.

Fjallað var um nýja kynslóð gervitunglamynda sem bjóða upp á samþærilega greinihæfni og loftmyndir en slíkar myndir eru nú þegar notaðar við kortlagningu á gróðurþekju og við jöklarannsóknir.

Mikill áhugi er á rannsóknum á sviði fjarkönnunar og mættu yfir 100 manns á ráðstefnuna.

Stærri ferðakortabók



Yfir 5000 eintök seld

Fjarkönnunardiskurinn „Á flugi yfir Íslandi,“ sem Landmælingar Íslands gáfu út á síðasta ári hefur fengið einstaklega góðar viðtökur. Yfir 5000 eintök hafa selst af diskunum sem hefur að geyma þrívíddarlíkan af Íslandi í raunlitum sem hægt er að fljúga yfir og skoða frá mismunandi sjónarhornum.

„Það er óhætt að segja að diskurinn hafi tekið flugið strax og hann var kynntur því fyrsta upplagið seldist upp á þremur dögum. Hann hefur nú selst í yfir 5000 eintökum. Í tónlistargeiranum fá menn gullplötu fyrir svo góða sölu þannig að við getum ekki verið annað en ánægð með útkomuna,“ segir Gunnar H. Kristinsson, sölustjóri LMÍ. Gunnar segir að útgáfa flugdiskans marki tímamót í framsetningu fjarkönnunargagna og skýri það kannski helst þessi jákvæðu viðbrögð. „Því má heldur ekki gleyma að diskurinn er á mjög hagstæðu verði miðað við umfang og gæði gagnanna sem á honum eru,“ segir Gunnar. Það vekur athygli að um fjórðungur af sölunni hefur farið fram í gegnum vef Landmælinga Íslands, www.lmi.is.

Kvarðinn

FRETABREÐ LANDMÆLINGA ÍSLANDS

Kvarðinn nr. 7, 1. tbl., 4. árg., apríl 2002

Útgefandi: Landmælingar Íslands,

Stíllholti 16-18, 300 Akranes

Sími: 430 9000 - Fax: 430 9090

Tölvupóstur: lmi@lmi.is

Vefsíða: www.lmi.is

Ábm.: Þorvaldur Bragason

Útlit og umsjón texta: Kristján Kristjánsson

Ljósmyndir: Kristján Kristjánsson

Umbrot og prentun: Prentverk Akraness hf.

Kvarðinn er prentaður á umhverfisvænan

G-print pappír sem vottaður er af „Hvíta

svaninum.“

Aukin og endurbætt útgáfa Ferðakortabókar Landmælinga Íslands er komin út. Þessi 5. útgáfa bókarinnar er í sama broti og áður en er nú 96 síður og uppfærð með nýjustu upplýsingum. Í bókinni er ferðakort í mælikvarðanum 1:500 000 ásamt öllum helstu upplýsingum um vegakerfi landsins og veganúmer, auk almennra upplýsinga um ferðapjónustu á hverjum stað. Ennfremur eru í bókinni þjóðminjakort, kort yfir þjónustusvæði GSM síma, tafla um

vegalengdir, upplýsingar um þjónustu FÍB, jarðfræði- og gróðurkort af Íslandi auk annarra mikilvægra upplýsinga fyrir ferðamenn. Ný þemakort hafa bæst við með efni um útsendingarsvæði útvarpsstöðva, veðurupplýsingar, hring-sjár, friðlýst svæði, sveitarfélög, þjónustusvæði NMT og upplýsingar frá Umferðarráði. Meginviðbæturnar í þessari útgáfu eru sérkort af fimm þekktum ferðamannastöðum; Þingvöllum, Landmannalaugum, Vestmannaeyjum,



Jean-Pierre Biard, Þórdís G. Arthursdóttir og Eydis Aðalbjörnsdóttir vinna að frágangi bókarinnar.

Skaftafelli og Mývatni. Þá hefur götukort af Seyðisfirði komið til viðbótar við götukort af Akureyri og Reykjavík sem hentar einkum þeim sem ferðast til landsins með skipi. Ýtarleg nafnaská með yfir 3000 örnefnum fylgir. Skýringar með ferðakortinu eru á fjórum tungumálum; íslensku, ensku, frönsku og þýsku.

Landlýsing gengur vel

Uppbygging lýsigagnavefsins Landlýsingar (www.lmi.is/landlysing) sem var tekinn í notkun á netinu í árslok 1999 hefur gengið vel. LÍSU samtökin og Landmælingar Íslands vinna saman að verkefninu sem byggir á miðlun landfræðilegra lýsigagna um stafræn gagnasöfn af Íslandi. Formaður fagráðs Landlýsingar er Þorvaldur Bragason, forstöðumaður upplýsingasviðs LMÍ.

„Við náðum þeim markmiðum sem við settum okkur fyrir árið í fyrra. Í Landlýsingu eru nú upplýsingar um 77 gagnasöfn frá 20 aðilum, aðallega opinberum stofnunum og sveitarfélögum. Efnisöflunin hefur gengið mjög vel undanfarið og hefur gagnasöfnum fjölgað um rúmlega 30 síðasta hálfu árið,“ segir Þorvaldur.

Árlegur samráðsfundur eigenda gagnanna var haldinn í janúar sl. þar sem staða og horfur í verkefninu voru ræddar. Fundurinn þótti takast vel en hann sóttu fulltrúar stofnana og sveitarfélaga.



Þórey D. Þórðardóttir, landfræðingur, við innsetningu efnis í Landlýsingu.

„Á næstu misserum verður áhersla lögð á að bæta við upplýsingum á vefinn, bæði að fá upplýsingar um ný gagnasöfn og bæta við efni þeirra sem fyrir eru. Einkum er áhugi á að fá inn efni frá fleiri sveitarfélögum og einkafyrirtækjum sem starfa á sviði landfræðilegra upplýsinga. Verkefnið er ótvírætt mjög mikilvægt því það dregur úr tvíverknadi og stuðlar að samnýtingu gagna í samfélaginu,“ segir Þorvaldur Bragason.